



Alþingi
Nefndasvið - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/039/9,6/DS/sig
Reykjavík 24. apríl 2012

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) 657. mál, 140. löggjafarþingi.

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir:

2. gr. Stjórnvöld

Í 2. gr. frumvarpsins er greint frá því hvaða stjórnvöld hafa hlutverk samkvæmt lögnum. Algerlega er sleppt að nefna Landhelgisgæslu Íslands sem þó hefur ærinn starfa við fiskveiðieftirlit m.a. í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar (fjareftirlit) auk eftirlits landhelgisgæsluflugvélar og þyrlna, varðskipa og annarra eftirlitsskipa.

Í lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands segir í 2. tl. í mgr. 4. gr. að verkefni Landhelgisgæslunnar séu eftirfarandi:

Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.

Í 5. gr. sömu laga segir:

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að gera þjónustusamninga, m.a. um eftirtalin verkefni:

- 1. Fiskveiðieftirlit.*
- 2. Fjareftirlit með farartækjum á sjó.*

Einnig er fjallað um fiskveiði- og fjareftirlit Landhelgisgæslunnar í 18. og 19. gr. Landhelgisgæslulaganna og reglugerð um fjareftirlit nr. 770/2008. Ekki verður horft framhjá hlutverki Landhelgisgæslunnar við fiskveiðieftirlit og því óhjákvæmilegt að það sé viðurkennt í lögnum.

Lagt er til að 2. gr. hljóði svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Fiskistofa annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnslu.

Landhelgisgæslan annast fjareftirlit með fiskiskipum auk fiskveiðieftirlits bæði innan og utan fiskveiðilögsögunnar.

Hafrannsóknastofnunin er til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

20. gr. Strandveiðar

Í 20. gr. frumvarpsins eru talin upp fjöldamörg skilyrði fyrir leyfi til strandveiða. Um er að ræða mörg atriði sem þarf að hafa eftirlit með og í sumum tilfellum er það ekki hægt nema með rauneftirliti úti á sjó. Hætt við því, ef mjög flóknar reglur eru settar, að óframkvæmanlegt verði að fylgja þeim eftir og það hefur í för með sér virðingarleysi gagnvart lögunum.

36. gr. Veidieftirlit

Sama athugasemd og varðandi 2. gr. Ekkert minnst á eftirlit Landhelgisgæslu Íslands með fiskiskipum og jafnvel samræmingu eftirlits þessara tveggja stofnana.

41. gr. Stjórnsýsluviðurlög - Sjá athugasemdir við 42. gr.

42. gr. Refsingar

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um sambandið milli stjórnsýslusekta, veiðileyfissviptinga og annarra refsinga. Ekki er kveðið á um samráð milli Fiskistofu, Landhelgisgæslu og lögreglu (ákærvaldsins). Þá má benda á að lög um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla virðast eingöngu eiga við um íslensk skip og eingöngu vegna brota sem eru undir eftirliti Fiskistofu.

Í 42. gr. frumvarpsins segir:

Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

Í 73. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um framkvæmd laga og reglna strandríkisins. Þar er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. að ríkið geti gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að farið sé eftir lögunum og reglunum sem það hefur sett í samræmi við samning þennan, m.a. ákveðið uppgöngu á skip, skoðun, töku og málarekstur.

Í 2. mgr. 73. gr. segir hinsvegar: *Skipum, sem tekin hafa verið, og áhöfnum þeirra skal sleppt undireins og viðhlítandi skuldabréf eða önnur trygging hefur verið lögð fram.*

Í 3. mgr. 73. gr. segir: *Refsingar strandríkisins fyrir brot á lögum og reglum um veiðar í sérefnahagslögsögummi mega ekki fela í sér refsivisi, nema hlutaðeigandi ríki hafi gert samninga um annað, né annars konar líkamlega refsingu.*

Þarna er um að ræða mjög mikilvægar takmarkanir á valdi ríkisins til að refsa a.m.k. erlendum skipstjórum og áhöfnum þeirra þannig að rétt er að það sé tekið fram í lögunum. Þá vaknar spurning um jafnræði og í það minnsta er ósanngjarnt að setja megi íslenska skipstjóra í fangelsi fyrir brot sem ekki má setja erlenda skipstjóra í fangelsi fyrir.

Þá er tekið fram í 4. mgr. 73. gr. hafréttarsáttmálans að þegar erlend skip hafa verið tekin eða hald lagt á þau, *skuli strandrikið tafarlaust tilkynna fánaríkinu eftir viðeigandi leiðum aðgerðina, sem gripið hefur verið til, og refsingar sem síðar hafa verið lagðar á.* E.t.v. er rétt að þetta komi fram í lögnum svo að tryggt sé að tilkynningarskyldan verði uppfyllt.

43. gr. Nánari ákvæði

Í grein þessari segir: *Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi.*

Þar sem leiðbeiningar eru fremur óskýrar um hvernig velja skal þann sem sekta á, er reyndin oftast sú að skipstjórnarnir eru einir ákærðir, jafnvel vegna brota sem útgerðir þeirra hagnast á og hafa hvatt til.

45. gr. Breytingar á öðrum lögum

Skoða þarf í heild sektarákvæði laga nr. 79/1997, 22/1998 og laga 57/1996 og samræma þau þessu frumvarpi auk þess að skýra betur skilin milli stjórnsýslusekta og refsiviðurlaga. Mun auðveldara væri að framfylgja lögnum ef svo væri. Þá mætti vera mun víðtækari heimild til álagningu stjórnsýslusekta, t.d. gagnvart erlendum skipstjórum og útgerðum en það gæti flýtt mjög afgreiðslu þeirra mála.

Heppilegt væri að fella framangreind lög saman í ein lög um stjórn fiskveiða því að þessi lög fjalla í raun öll um stjórn fiskveiða. Fyrir eftirlitsaðila og handhafa ákærvalds getur þessi skipting verið afar ruglingsleg. Hver eru til dæmis rökkin fyrir því að þessi lög fjalli um eftirlit með veiðum erlendra skipa utan íslenskrar lögsögu þegar lög nr. 22/1998 gilda um veiðar erlendra skipa og eftirlit með þeim innan íslenskrar lögsögu? Skýrara væri að öll ákvæði um eftirlit með veiðum erlendra skipa og viðurlög gagnvart þeim væru í sömu lögnum.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,



Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.